

Viðfangsefni 1.

Könnun á samhverfu í umhverfinu.

1. Farðu með myndavél út fyrir skólann og taktu myndir af einhverju þar sem þú telur þig sjá samhverfu.
2. Settu mynd inn á tölvuna.
3. Opnaðu nýtt skjal í GeoGebru og settu myndina inn í skjalið.
4. Lagaðu stærð myndarinnar til svo hún passi sem best á skjáinn.
5. Teiknaðu línu sem þér finnst vera samhverfuás myndarinnar.
6. Merktu inn einn punkt á myndinni sem síðan á að spegla um samhverfuásinn.
7. Speglaðu punktinum um ásinn.
8. Veldu að sýna slóð beggja punktanna, þ.e. punktsins sem þú valdir og spegilmyndar hans.
9. Dragðu upphaflega punktinn til eftir myndinni.
10. Hvað kemur í ljós, er samhverfa í myndinni?